

Ársskýrsla tengiliðs Shetland sheepdog vegna 2019

Árið 2019 var metár hjá Shetland sheepdog.

Alls voru 19 hundar nýskráðir í ættbók HRFÍ, 17 hvolpar úr fjórum gotum og tveir innfluttir hundar. Aldrei hafa jafnmargir hundar bæst við stofninn á einu ári. Á sama tíma féllu frá 3 höfðingjar, þau Robba Dan Klaki, Islands Shelties Mira og alþjóðlegur og íslenskur meistari Bláfelds Arctic Gun, öll úr fyrstu gotum þessara ræktenda.

Hvolparnir 17 komu úr fimm gotum undan sama rakkanum, Multi Ch Louanda Time After Time (Toby) en þessi fallegi rakki varð jafnframt stigahaæsti Sheltie á sýningum annað árið í röð. Eftir að hafa skilið góðan efnivið eftir hjá okkur á Íslandi, flutti hann til Svíþjóðar í árslok þar sem hann heldur áfram að nýttast vel og lifir góðu lífi. Ræktanir með got voru Islands Shelties ræktun, tvö hjá Undralands ræktun og tvö hjá Bláfelds ræktun.

Innfluttir hundar voru rakkinn Old Solar Sambiya Bugatti frá Rússlandi og tíkin Request Classic Success, Ellý, frá Svíþjóð, sem varð 3ji besti hvolpur sýningar nú í nóvember.

Þann 31. desember 2019 voru 104 lifandi skráðir Shetland sheepdog hjá HRFÍ og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Árangursríkasti hlýðnihundurinn á árinu var CIB ISCH NordicCh Undralands Force Majeure, betur þekkt sem Sóley sæta.

Metskráning var á nóvembersýningu félagsins hjá Shetland sheepdog, 19 hundar. Það met hefur nú verið slegið með skráningu 25 hunda á febrúarsýninguna. Nokkrir fengu nýja meistaratitla á árinu, Undralands Kári og Undralands Force Majeure kláruðu Norðurlandameistaratitla, Force Majeure einnig alþjóðlegan meistaratitil. Louanda Time After Time fékk alþjóðlega titilinn loks sendan í pósti og Islands Shelties Winter Wonder, Fríða, varð íslenskur meistari.

Það er ánægjulegt að sjá hvað Sheltie er loks að blómstra og dafna á Íslandi. Við höfum í dag ágætis grunn til að byggja framtíðina á, en halda þarf áfram að flytja inn nýtt blóð í stofninn og vanda þar vel til verka. Gæfa okkar Sheltie eigenda og ræktenda er að geta unnið vel saman, látið eigingjarna hagsmuni og kapp ekki bera okkur ofurliði heldur hefur okkur tekist að standa saman, gleðjast hvort með öðru og gera það besta úr því sem við höfum sameiginlega haft úr að móða.

Tengiliður heldur úti vefsíðu þar sem finna má upplýsingar um skráða Shetland sheepdog hunda. Vefslóðin er www.sheltie.is, en á síðunni eru m.a. niðurstöður heilbrigðisprófa, úrslit og umsagnir frá sýningum, auk annars fróðleiks um hundakynið.

febrúar 2020,
Lilja Dóra Halldórsdóttir,
HRFÍ tengiliður Shetland sheepdog.